



Nordplus Junior

leik-, grunn- og framhaldsskólastig



Starfar þú við menntun í skóla? Viltu fara í samstarf við skóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum? Nordplus Junior býður öllum frá leikskólastigi til framhaldsskólastigs styrki til náms og þjálfunar og samstarfsverkefna.

Nám og þjálfun fyrir skólabekki og kennara, og einnig nemendaskipti fyrir einstaka nemendur

Leik-, grunn- og framhaldsskólar geta sótt um styrki til heimsóknna fyrir heila skólabekki eða fyrir einstaka nemendur á framhaldsskólastigi sem vilja fara í nám eða spjálfun. Einnig er unnt að sækja um styrki fyrir nemendur í starfsmenntaskólum og á starfsmenntabrautum í framhaldsskólum.

Kennaraskipti gera kennurum og leiðbeinendum unnt að sækja um styrki til færniþjálfunar. Kennaraskipti fela í sér bæði

starfspeglun (job-shadowing) og starfsskipti.

Skólar geta einnig sótt um styrki til Nordplus Junior til undirbúningsheimsóknna sem hafa það að markmiði að skipuleggja verkefni og skrifa umsókn um mannaskipta- eða samstarfsverkefni.

Auglýst er eftir umsóknum um undirbúningsstyrki tvisvar á ári. Allar heimsóknir verða að byggja á þróunarþörf í viðkomandi stofnun.

Formlegar kröfur

Styrkir: fastar upphæðir fyrir ferðir (og uppihald fyrir kennara og leiðbeinendur).

Verkefnistími: 1 – 3 ár.

Lengd verkefnis: hámark 5 dagar fyrir undirbúningsheimsóknir þ.m.t. ferðadagar, 1 vika – 1 ár fyrir nemenda- og kennaraskipti einstaklinga, 1 – 3 vikur fyrir heimsóknir skólabekkja.

Samstarfsaðilar: a.m.k. tveir skólar frá tveimur löndum.

Umsóknarfrestur: 1. febrúar (og einnig 1. október fyrir undirbúningsheimsóknir).

Samstarfsverkefni og tengslanet

Skólar, stofnanir og samtök sem vinna við menntun geta unnið saman að verkefnum eða stofnað til netsamstarfs sem tekur mið af þróunarþörf þátttakenda.

Skólarnir sækja um styrkinn og stýra verkefninu. Þátttakendur vinna síðan saman að verkefninu sem verður að fjalla um menntun.

Verkefnið gæti t.d. fjallað um tryggingu gæða, dreifingu niðurstaðna verkefna, þróun kennsluaðferða, þróun námskráa eða stofnun tengslaneta kennara til lengri tíma. Verkefnin gætu verið skipulagsfundir, upplýsingaverkefni og dreifing niðurstaðna.

Formlegar kröfur

Styrkir: Sækja má um 75% af raunkostnaði með 25% eigin framlagi.

Verkefnistími: 1 – 3 ár.

Samstarfsaðilar: a.m.k. þrír skólar/ stofnanari frá þremur löndum.

Umsóknarfrestur: 1 febrúar.

Nordpus Junior

leik-, grunn- og framhaldsskólastig

Nordpus junior veitir 2.6 milljónir evra í styrki til heimsóknar skólabekkja, nemenda og kennara og í samstarf um verkefni og tengslanet.

Markmiðið með áætluninni er að styrkja og þróa samstarf milli skóla og stofnana sem starfa að menntun. Áætlunin styrkir allt frá litlum samstarfsverkefnum sem miða að námi eða færniþróun, í stórum þróunarverkefnum sem miða að því að koma með nýjar hugmyndir, aðferðir og vinnulag. Þetta getur einnig falið í sér nám og þjálfun fyrir einstaklinga eins og til dæmis færniþróun fyrir kennara og leiðbeinendur, eða þjálfun fyrir nemendur á starfsmenntabrautum á framhaldsskólastigi, eða heimsóknir skólabekkja. Sérstök fjárhæð er eyrnamerkt verkefnum sem vinna með norræn tungumál.


Verkefnið verður að miða að þróunarþörf þeirra stofnana sem vinna þau auk þess að byggja á stefnumörkun landanna og námskrám. Dæmi um þemu: frumkvöðlastarfsemi, nám án aðgreiningar, upplýsingatækni, aukin þekking á norrænni menningu og menningu Eystrasaltsríkjanna, lýðræði, umhverfi og sjálfbær þróun, samþætting, menntun og atvinnulíf, aukin þekkingu á norrænum tungumálum og tungumálum Eystrasaltsríkjanna auk þess að styrkja grunnfærni t.d. í lestrar- og ritfærni.

Markhópar

Markhópar Nordplus Junior eru nemendur, kennarar og leiðbeinendur í leikskólum, grunnskólum, framhaldsskólum (bók- og starfsmenntabrautum), starfsmenntaskólum, listaskólum með námskrá annað hvort á landsvísi eða í héraði og stofnanir og samtök sem vinna með eða leggja áherslu á menntun (þeir geta þó einungis verið þátttakendur ekki stjórnendur).

Frekari upplýsingar: www.nordplusonline.org – Hver getur sótt.

Lönd sem eiga aðild að Nordplus



- | | | |
|------------|---------------|------------|
| ● Grænland | ● Noregur | ● Finnland |
| ● Ísland | ● Svíþjóð | ● Litháen |
| ● Færeyjar | ● Danmörk | ● Lettland |
| | ● Álandseyjar | ● Eistland |

Um Nordplus

Nordplus áætlunin er stærsta menntaáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar. Áætlunin hefur árlega 9,3 milljónir evra til umráða til að styrkja mannaskipti, verkefni og tengslanet á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Nordplus áætlunin skiptist í fimm undiráætlanir sem í sameiningu taka á allri menntun frá leikskóla og grunnskóla til æðri menntunnar og fullorðinsfræðslu.

Frekari upplýsingar um Nordplus þar sem einnig má nálgast umsóknareyðublöð eru á vefsíðunni nordplusonline.org. Ef þörf er fyrir frekari leiðbeiningar eða upplýsingar er velkomið að hringja í okkur eða senda okkur tölvupóst.

nordplusonline.org/contact



Nordplus